

Svar íprótta- og tómstundafulltrúa vegna fyrirspurnar 1703367

15. 1703367 - Jafn réttur barna til þátttöku í íprótta- og tómstundastarfi

Fulltrúar Samfylkingar og vinstri grænna leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna óska eftir upplýsingum og samantekt á því hvaða skilyrði hafa verið sett gagnvart hafnfirskum börnum um greiðslu þáttökugjalda og aukakostnaðar í íprótta- og tómstundastarfi í félögum sem njóta beins eða óbeins fjárhagslegs stuðnings úr bæjarsjóði. Er í samningum við íprótta- og tómstundafélög í Hafnarfirði að finna sambærileg ákvæði og ÍTR gerir við ípróttafélög í Reykjavík um jöfn tækifæri til þátttöku sem félögunum ber að virða? Ef svo er, hvernig er eftirfylgni með því ákvæði háttáð? Ef ekki, leggjum við til að slík ákvæði séu sett inn í samninga við íprótta- og tómstundafélög í Hafnarfirði. Það hlýtur að vera skylda okkar sem bæjarfélags að tryggja að hafnfirsk börn hafi jafnan rétt til þátttöku í skipulögðu íprótta- og tómstundastarfi og að umframkostnaður sem af því hlýst megi ekki verða til þess að mismuna börnum eftir fjárhagsstöðu foreldra.

Í forvarnastefnu Reykjavíkurborgar 2014-2019 er fjallað víða um jöfn tækifæri barna:

Starfsemi á sviði forvarna og uppeldismála

Í öllu starfi með börnum og unglingum, hvort sem það er á vegum opinberra aðila eða félaga sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg, er áhersla lögð á **jöfn** tækifæri, heilbrigða lífshætti og forvarnir.

Í nýjum þjónustusamningum Hafnarfjarðarbæjar við öll ípróttafélög ípróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði sem erum með barna- og unglingastarf eru eftirfarandi klausur:

xxx býður upp á skipulagða ípróttabjálfun í Hafnarfirði. Samstarf Hafnarfjarðarbæjar við ípróttafélögin í bænum tekur mið af gildi ípróttaiðkunar fyrir uppeldis og forvarnarstarf. Markmið Hafnarfjarðarbæjar er að stuðla að því að allir bæjarbúar eigi þess kost að iðka ípróttir við sem hagstæðust skilyrði óháð efnahag fjölskyldna.

Ípróttafélag skal sinna til jafns kröfum beggja kynja til ípróttaiðkunar og taka tillit til mismunandi þjóðfélagshópa (fötlun, búseta, þjóðerni, litarháttur).

Til stendur að ípróttafélög geti sótt um fjárstuðning fyrir stuðningsfulltrúa vegna þátttöku fatlaðra barna í almennum hópum í sjóð sem verður í umsjón Hafnarfjarðarbæjar.

Í reglum um niðurgreiðslur þáttökugjalda Hafnarfjarðar sem voru endurskoðaðar í byrjun árs 2017 sem gilda gagnvart öllum aðilum sem tengjast þeim s.s. ípróttafélögum, frjálsum félögum og öðrum sem uppfylla viðmið þeirra reglna er ekki sérstakt ákvæði varðandi jöfn tækifæri barna. Hinsvegar er ljóst að Markmið frístundastyrkja er að gera börnum með lögheimili í Hafnarfirði kleift að taka þátt í íprótta- og tómstundastarfi óháð efnahag fjölskyldna og að efla íprótta- og annað forvarnastarf í

Hafnarfirði. Hvert barn getur fengið 3000 kr. á mánuði allt árið til að greiða niður þátttökugjöld í íþrótt- og tómstundaiðkun sína. Milli 60% og 70% barna í Hafnarfirði nýta sér þennan stuðning og hafa aðgengi að fjölmörgum tómstundatilboðum. Árið 2015 heimilaði fræðsluráð börnum að nýta sér styrkinn í öllum sveitarfélögum þá að samsvarandi tómstundatilboð sé í boði í Hafnarfirði. Aldursviðmið hafa hækkað þannig að börn sem komast á sjötta aldursár til 18. aldursár geta nýtt sér styrkinn. Hinsvegar hefur ekki farið fram sérstök skoðun eða rannsókn á þeim hópi sem nýtir sér ekki styrkinn.

Í ár er stefnt að því að endurskoða samninga við Brettafélagið og Hraunbúa en þar eru fjölmörg börn að stunda sín áhugamál og í gömlu samningunum við þessa tvo aðila eru ekki svona skýr ákvæði eins og í þeim nýju. Önnur íþróttafélög í Hafnarfirði eru ekki með öflugt barnastarf og fá iðkendur yngri en 18 ára. Stórir aðilar iens og Listdansskóli Hafnarfjarðar og Crossfit eru einkafyrirtæki sem við semjum ekki beint við nema varðandi niðurgreiðslur þátttökugjalda.

Ef þessi ákvæði í þjónustusamningum við íþróttafélög halda ekki og upp koma mál sem hindra þátttöku barna eru til leiðir sem eru utan þjónustusamninga:

1. Stuðningur félagslegra úrræða Fjölskylduþjónustu en þar er veittur stuðningur vegna barna og reynt að tryggja aðgengi að tómstundum.
2. Íþróttafélögin sjálf fella niður gjöld og leita leiða til að koma til móts við börnin og fjölskyldur þeirra. Það eru til fordæmi frá FH, Haukum og Björkum frá 2017 um þetta.
3. Til er sérstakur sjóður sem hefur það að markmiði að styrkja börn af erlendu bergi brotnu til þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi. Þjálfarar og starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar vita vonandi flest af honum og hafa milligöngu um stuðning hans. Sjóðnum er s.s. ætlaða að fjármagna íþróttaföt, skó, þátttökugjöld, ferðir og annað sem kemur í veg fyrir þátttöku.
4. Sjóður sem vísað er í hér fyrir ofan varðandi það að hægt er að sækja um laun fyrir stuðningsfulltrúa í íþróttastarf til að auðvelda aðgengi fatlaðra barna í almennt íþróttastarf.

Eftirfylgni er sá þáttur sem vinna þarf betur. Nýbúið er að klára gerð þjónustusamninga en í þeim er í fylgiskjali 3 fjallað um verkefni ÍBH og íþróttafulltrúa varðandi eftirfylgd. Staðan er sú í dag að vinna er ekki hafinn með ÍBH um hvernig þessari eftirfylgni verði sinnt.

Hafnarfjarðarbær og Íþróttabandalag Hafnarfjarðar fylgjast með að farið sé eftir gæðaviðmiðum, sjá fylgiskjal 3.

d	Ungt toik 16-25 ára a tuitrua/anevnraraoilla i stjorn félagsins eða félagið er með starfandi ungmennaráð:						
c	Áætlun um félagsstarf liggur fyrir:						
d	Félag/deild hefur <u>mótað</u> sér stefnu í fræðslu og forvarnarmálum:						
e	Félag/deild hefur <u>mótað</u> sér stefnu í umhverfismálum:						
5	Jafnréttismál:						
a	Félag/deild sinnir til jafns kröfum beggja kynja til íþróttaiðkunar:						
b	Tekið er tillit til mismunandi þjóðfélagshópa:						
c	Félag/deild hefur sótt um stuðning til að tryggja fötluðu barni þátttöku:						
d	Fræðsla á vegum barnaverndar fyrir þjálfara hefur farið fram á vegum Hafnarfjarðarbæjar:						

Skýringar:

í í lagi, (+) vantar örðítið uppá, / að hluta, (/) er í lágmarki, - vantar, ? þarf að athuga, X á ekki við

Íþróttafulltrúi og ÍBH vinna að eftirfylgt samningsins og gera með sér samkomulag um verksvið hvors aðila. Mat á framkvæmd samningsins skal meðal annars miðast að því að meta hvort íþróttafélag uppfylli ofangreindan matslista. Ef íþróttafélag uppfyllir ekki 90% atriða skal gefa viðkomandi íþróttafélagi tímabundið tækifæri til úrbóta. Verði að þeim fresti loknum ekki búið að uppfylla nægilegan hluta viðmiða hættir Hafnarfjarðarbær að greiða viðkomandi félagi greiðslur vegna þjónustusamnings þangað til ný úttekt hefur farið fram.

Að mati undirritaðs er það vilji Hafnarfjarðarbæjar og íþróttafélaganna að jafna tækifæri allra til þátttöku, nýir samningar eru afar skýrir varðandi þann þátt. Við höfum leiðir til að bregðast við og liðsinna ef upp koma einstaklingsmál þar sem ýmsar ástæður geta komið í veg fyrir þátttöku. Eftirfylgdin við þjónustusamningana, sem sannarlega er nauðsynlegur þáttur til að bæta aðgengi og þjónustu íþróttafélaganna við bæjarbúa er verkefni sem Hafnarfjarðarbær og ÍBH þurfa að setja í gang.

Geir Bjarnason 4. apríl 2017